

Rúnar og Sara eiga kanínur.
Stundum sleppa þær út úr búrinu sínu.
Þá þurfa krakkarnir að hlaupa hratt til að ná þeim.
Hvaða kanína heldur þú að hlaupi hraðast? spyr Rúnar
Sara veit það ekki en stingur upp á að láta þær
keppa sín á milli til að komast að því.
Þetta finnst Rúnari góð hugmynd.

Þau búa til hlaupa-braut og setja kanínurnar í kassa við
enda brautarinnar. Þegar þau opna kassann flykkjast kanínurnar
út og taka á rás hver í sína áttina.
Þetta gengur ekki, segir Sara. Henni dettur snjallræði í hug.
Hún málar stóran hring á grasflötina.
Nú gerir ekkert til þótt kannínurnar hlaupi í allar áttir,
því sú sem verður fyrst út fyrir hringinn vinnur kapphlaupið.

Rúnar dáist að hugviti vinkonu sinnar og bíður spenntur eftir hlaupinu.
En um leið og Sara ætlar að setja kassann inn í miðjan hringinn kemur
stór hundur í áttina til þeirra. Henni bregður svo mikið að hún missir
kassann og kanínurnar stökkva út. Hundurinn æsist allur þegar hann
sér kanínurnar, geltir hátt og fer að elta þær eina af annarri.
Þá kemur eigandi hundsins og kallar á hann. Hann segir að Kátur sé
ósköp góður hundur en það sé mikill galsi í honum.
Kátur ýlfrar aumlega og sleikir höndina á Söru eins og hann vilji
biðja hana fyrirgefningar. Eigandinn fer með Kát og lokar hann inni í
bílnum sínum. Hann kemur aftur til að hjálpa börnunum að finna
kanínurnar. Brátt eru allar kanínurnar komnar í leitirnar og Rúnar og
Sara taka gleði sína á ný.